

HAFNARFJÖRÐUR

AÐALSKIPULAG HAFNARFJARÐAR

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samþykkt breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Breytingin nær til sveitarfélagsmarka Hafnarfjarðarbæjar og Garðabæjar hjá Samfélagsþjónustusvæðinu S1 Hrafnista.

Breyting: Sveitarfélagsmörk Hafnarfjarðar og Garðabæjar eru færð skv. samkomulagi Hafnarfjarðarbæjar og Garðabæjar dag. 30.05.2014 sem öðlaðist gildi 26.06.2014, lóð Hrafnistu; hjúkrunar- og dvalarheimilis Hraunvangur 7 varð þá alfarið innan Hafnarfjarðar.

Ástæður breytingarinnar: Í maí 2014 undirrituðu bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar og bæjarstjórn Garðabæjar skjal þar sem fram kemur mikilvægi þess að breyta staðarmörkum sveitarfélaganna til að tryggja að mannvirki innan svæðisins S1 sem tengjast starfsemi Hrafnistu séu að öllu leyti innan bæjarmarka Hafnarfjarðar.

Á lokastigi vinnu við endurskoðun Aðalskipulags Hafnarfjarðarbæjar árið 2014, sem samþykkt var 10.07.2014, var samninga ferli um breytingu sveitarfélagsmarkanna ekki að fullu lokið með gildistöku. Í gildandi Aðalskipulagi Hafnarfjarðarbæjar 2013-2025 voru þannig settar fram báðar línurnar sú gamla og nýja. Framsetning þessi veður óvissu um mörkin og er þeirri óvissu eitt með breytingu þessari.

Samkomulag milli sveitarstjórna Hafnarfjarðarkaupstaðar og Garðabæjar: Eftirfarandi samkomulag um breytingar á mörkum sveitarfélaganna var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda (Nr. 604) þann 26. júní 2014:

"Á grundvelli 3. mgr. 4. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 hefur innanríkisráðuneytið staðfest samkomulag Hafnarfjarðarkaupstaðar og Garðabæjar frá 30. maí 2014 um breytingar á mörkum sveitarfélaganna, samanber samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar frá 15. maí 2014 og samþykkt bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar frá 28. maí 2014.

Staðarmörk sveitarfélaganna færast annars vegar í vestur frá byggingu dvalar- og

hjúkrunarheimilisins Hrafnistu sem nemur 9.089,2 m² og er jafnframt við norðanverða bygginguna dregin bein lína í austur frá byggingunni yfir Herjólfssbraut og er stærð þess svæðis 9.836,1 m². Heildarstærð svæðisins sem flyst við breytinguna inn fyrir staðarmörk Hafnarfjarðarkaupstaðar nemur því alls 18.925,3 m².

Hins vegar færast staðarmörk sveitarfélaganna í Molduhrauni milli Vesturhrauns í Garðabæ og Skútuhrauns í Hafnarfjarðarkaupstað vestur yfir veghelgunarsvæði fyrirhugaðs Álftanesvegjar. Heildarstærð svæðisins sem flyst við breytinguna inn fyrir staðarmörk Garðabæjar nemur alls 18.933,8 m². ... *Innanríkisráðuneytinu, 11. júní 2014.*"

Í B-deildar auglýsingunni var sett fram nákvæm staðsetning með punktum í hnitaskrá samkvæmt landshnitakerfinu ISNET-93.

Sveitarfélagsmörk í gildandi Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 samsvara umræddu samkomulagi milli sveitarfélaganna.


Með þessari breytingu verður Sveitarfélagsmörkin þau sömu í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, þ.e.a.s. þau falla saman.

Málsmeðferð: Um óverulega breytingu á Aðalskipulagi er að ræða. Breytingin hefur ekki breytingar á landnotkun í för með sér og hefur engin áhrif á einstaka aðila. Fyrir liggur samkomulag um tilfærslu á sveitarfélagamörkunum. Í Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 sem var samþykkt 06.04.2018 eru sveitarfélagsmörkin þegar aðlöguð samkvæmt samkomulagi.

Skýringar:


- M Miðbær, miðsvæði
- VP Verslunar- og þjónustusvæði
- S Samfélagsþjónusta
- I Iónaðarsvæði
- AT Athafnasvæði
- IB Iðuðarsvæði
- H Hafnarsvæði
- F Svæði fyrir frístundabyggð
- K Kirkjugarðar og grafreitir
- E Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- IP Íþróttasvæði
- ÖB Öbyggð svæði
- AF Afþreyingar- og ferðamannasvæði
- Skipulagi frestað
- SL Skógræktar og landgræðslusvæði
- OP Opin svæði til sérstakra nota
- V Vötn, ár og sjór
- VH Veitur og helgunarsvæði
- FS Friðlýst svæði
- ÖN Önnur náttúruverndarsvæði
- HV Hverfisvernd (hvít yfirstríkun)
- R Friðlýstar formínjar
- VB Vatnsbólsvæði
- VGS Vatnsvernd Grannsvæði (vatnsvernd II)
- VF Vatnsvernd Fjarsvæði (vatnsvernd III)
- IVA Varúðarsvæði
- Svæði takmarkaðar ábygðar, greinargerð
- Sveitarfélagsmörk
- Stofnbrautir
- Stofnbraut, jarðgöng
- Tengibrautir
- Safngötur, sýndar að hluta vítinginga
- Mislæg gatnamót
- Undirgöng / brú
- Göngu- og hjólaleiðir
- Reiðleiðir
- Útivistarstig
- Háspennulína
- Jarðstrengur
- Aðveituæð vatnsveitu
- Aðveituæð hitaveitu
- Frárennsli
- Varnargarðar
- Þéttbýlismörk
- Tengivirki
- Spennistöð

FYRIR



Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025
Staðfest af Skipulagsstofnun 10.07.2014, með áorðnum breytingum. 1:15.000

EFTIR



Mörk breytinga 1:15.000

SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi var auglýst samkvæmt

2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

og var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar

þann: 28.02.2024

[Signature]
Bæjarstjórnin í Hafnarfirði

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af


Skipulagsstofnun skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

þann: 4. júní 2024

[Signature]
SKIPULAGSSTOFNUN

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í
B-deild stjórnartíðinda þann: _____ 2024

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI HAFNARFJARÐAR 2013-2025 SVÆÐI: SVEITARFÉLAGSMÖRK VIÐ S1 HRAFNISTA



UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ
HAFNARFJARÐAR
LILJA GRÉTARSDÓTTIR